Land&synir

STOFNAÐ 1995 ■ WWW. PRODUCERS.IS

NR. 37 ■ JAN. – FEB. 2003 ■ 1. TBL. 9. ÁRG.

Þema:

UPPGJÖR ÁRSINS 2002

2002 VAR ÁR HAFSINS
Aldrei fleiri bíómyndir en í fyrra

INNLIT-ÚTLIT
Heimildarmyndir í blóma en hvernig erum við að standa okkur?

ÞJÓÐIN OG BÍÓMYNDIRNAR
Hverskonar stöðu hafa íslenskar bíómyndir á heimamarkaði?

AUGAÐ FYRIR SMÁATRIÐUM
Pam, Noi og mennirnir þeirra er öðruvísi saga um samskipti kynjana

ÆVINTÝRAFERÐIR HUGANS

Þakkarræða heiðursverðlaunahafa ÍKSA 2002 ásamt inngangi Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra

BÓKMYNDIR Á HVÍTU TJALDI

Kvikmyndaðar bókmyndir? Eða bókmenntaðar kvikmyndir? Hver er munurinn?

KVIKMYNDASJÓÐUR ÍSLANDS: 1978-2002

VORVERKIN TALA

Hvernig varð hann til?
Hvernig þjónaði hann hlutverki sínu?

Þegar feigðin blasir við er ekki hægt að flýja.

Tómas Lemarquis í NÓA ALBÍNÓA eftir Dag Kára, "bestu mynd Norðurlanda" 2003

Land&synir

Nr. 37 - 1. tbl. 9. árg.
JANÚAR - FEBRÚAR 2003.
Útgefandi: Félag kvikmyndagerðarmanna í samvinnu við Kvikmyndasjóð Íslands, Framleiðendafélagið SÍK og Samtök kvikmyndaleikstjóra. Með stuðningi Skjás eins, Sjónvarpsins og Stöðvar 2. **Ritstjóri:** Ásgrímur Sverrisson. **Ábyrgðarmaður:** Björn Brynjúlfur Björnsson. **Ritnefnd:** Anna Th. Rögnvaldsdóttir, Ari Kristinsson, Björn Brynjúlfur Björnsson, Gunnar Þorsteinsson, Heimir Jónasson, Hrafn Gunnlaugsson, Ingvar Þórisson, Ólafur H. Torfason, Þorfinnur Ómarsson. **Prentun:** Prisma/Prentco. *Land & synir kemur út annan hvern mánuð.* **Tölvupóstur:** asisv@simnet.is.

Tiltekt í eigin ranni

Frá ritstjóra: Ókei, Kvikmyndasjóður er orðinn þokkalega fjármagnaður, Sjónvarpssjóður á leiðinni (vonandi), ný kvikmyndalög komin í gagnið sem leyfa fjölbreyttari fjármögnun og ríkið endurgreiðir 12% af kostnaði kvikmynda sem fellur til hér á landi. Svo er Kvikmyndasafnið orðin sjálfstæð eining með alla burði til að láta að sér kveða á næstu árum. Margt hefur því áunnist á tiltölulega skömmum tíma og þróunin heldur áfram.

Er þá allt í sómanum? Stóru málin annaðhvort í höfn eða um það bil að leggja að bryggju? Er þá ekkert lengur sem þarf að berjast fyrir?

Verði skynsamlega á málum haldið og verði hin ofantöldu atriði sem enn eru ekki komin til framkvæmda að veruleika innan skamms tíma, er mjög líklegt að geirinn muni taka stakkaskiptum til hins betra. Framleiðsla verður meiri og jafnari, fyrirtækin munu styrkjast en um leið verða gerðar til þeirra auknar kröfur um fagleg vinnubrögð varðandi flesta þætti.

Eitt er það mál sem enn er óleyst í geiranum; réttindi og skyldur þeirra sem starfa í praxís sem lausráðnir starfsmenn við kvikmyndir, en ættu í raun að vera hefðbundnir launþegar. Í fjölda ára hefur verið talað um stofnun einhverskonar verkalýðsfélags sem semdi um kaup og kjör eða setti a.m.k. fram einhverskonar viðmiðunartaxta. Af ýmsum ástæðum, t.d. smæð bransans, óeiningu og sinnuleysi, hefur enn ekkert orðið af því. Það er hinsvegar borðleggjandi að ef geirinn mun stækka eins og útlit er fyrir á næstu árum, mun verða þörf á samtökum sem sinna hagsmunum þessa hóps. Slíkt apparat er eðlilegur hluti af auknu umfangi og yrði til marks um að geirinn væri fær um að taka ábyrgð á sínum innri málum nú þegar ríkið hefur komið til móts við mörg þeirra atriða sem lengi hefur verið barist fyrir.

Beinast liggur við að ætla að Félag kvikmyndagerðarmanna væri rétti vettvangur slíkrar starfsemi. Hin tvö hagsmunafélögin, SÍK og SKL, hafa skýr og gegnsæ hlutverk sem hagsmunafélög framleiðenda og leikstjóra. Skipulag FK er hinsvegar loðnara. Því er stillt upp sem almennu hagsmunafélagi kvikmyndagerðarmanna og þar geta allir slíkir fengið inngöngu. Þar er hinsvegar að finna tiltölulega fáa leikstjóra eða framleiðendur en marga tæknimenn og fólk sem gegnir ýmiskonar aðstoðarstörfum. Fólk sem að öllu jöfnu ætti einmitt að tilheyra verkalýðsfélagi sem semdi við framleiðendur.

FK væri einfaldlega skilvirkara sem félagsskapur ef það starfaði með þessum hætti. Það gæti eftir sem áður tekið þátt í hinni faglegu hagsmunabaráttu við hlið SÍK en með skýrari formerkjum. Að auki gæti þetta fyrirkomulag stuðlað að heilbrigðum skoðanaskiptum innan fagsins um markmið og leiðir. FK gerði því augljóst gagn sem verkalýðsfélag og yrði þannig sterkur og eðlilegur hluti af geira sem verður að sýna að hann bæði rís undir því trausti að umgangast almannafé af virðingu og er fær um að hlúa að því fólki sem í honum starfar.

STJÓRNIR FÉLAGANNA

STJÓRN FÉLAGS KVIKMYNDAGERÐARMANNA: Formaður: Björn Br. Björnsson. Varaformaður: Jón Karl Helgason. Ritari: Kristín Erna Arnardóttir. Gjaldkeri: Katrín Ingvadóttir. Meðstjórnendur: Anna Dís Ólafsdóttir, Ingvar Á. Þórisson, Hjálmtýr Heiðdal. Varamenn: Kristín María Ingimarsdóttir, Hildur Bruun. **STJÓRN FRAMLEIÐENDAFÉLAGSINS SÍK:** Formaður: Ari Kristinsson. Varaformaður: Jón Þór Hannesson. Gjaldkeri: Snorri Þórisson. Meðstjórnendur: Friðrik Þór Friðriksson og Guðmundur Kristjánsson. Varamenn: Viðar Garðarsson og Hrafn Gunnlaugsson. **STJÓRN SAMTAKA KVIKMYNDALEIKSTJÓRA:** Formaður: Friðrik Þór Friðriksson. Gjaldkeri: Hilmar Oddsson. Ritari: Óskar Jónasson. Varamenn: Hrafn Gunnlaugsson, Kristín Jóhannesdóttir, Jón Tryggvason.

Kristín Ósk Gísladóttir leikur hina ráðagóðu Diddu.

NÝ ÍSLENSK BARNA- OG FJÖLSKYLDUMYND:

Didda og dauði kötturinn

Ný íslensk barna- og fjölskyldumynd, ***Didda og dauði kötturinn*** var frumsýnd í Keflavík þann 6. febrúar s.l. Daginn eftir hófust sýningar á myndinni í Sambíóunum og Háskólabíói. Leikstjóri er Helgi Sverrisson, en handritshöfundur er Kristlaug Sigurðardóttir sem jafnframt framleiðir fyrir Ísmedia ehf.

Steinn Ármann Magnússon leikur rithöfundinn Filippus.

Í myndinni segir frá Diddu, níu ára gamalli stelpu, gleraugnaglámi og lestrarhesti sem finnst fátt skemmtilegra en að sitja uppi í risi í húsinu sínu og lesa góða bók eða horfa á nágranna sína út um gluggann. Einn daginn dettur hún ofan í lýsistunnu og áttar sig á því að hún þarf ekki að nota gleraugun sín enda nánast komin með ofursjón.

Með hlutverk Diddu fer Kristín Ósk Gísladóttir, en í öðrum helstu hlutverkum eru Steinn Ármann Magnússon, Helga Braga Jónsdóttir, Gunnar Eyjólfsson, Kjartan Guðjónsson og Sjöfn Evertsdóttir. Sérstakur gestaleikari í myndinni er Árni Sigfússon bæjarstjóri Reykjanesbæjar.

Helga Braga Jónsdóttir leikur hina slægu Vöndu.

Didda og dauði kötturinn er ódýr mynd, unnin á stafrænt form og verður sýnd á þann máta. Ísmedia, sem staðsett er í Keflavík, er þegar með í undirbúningi aðra mynd um ævintýri Diddu.

Reykjavík Shorts & Docs haldin í apríl

Stutt- og heimildarmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs verður haldin öðru sinni í apríl næstkomandi. Hátíðin í fyrra tókst vel að mörgu leyti og von er til þess að þessi hátíð festi sig í sessi sem miðpunktur vinnu í þessum greinum. Félag kvikmyndagerðarmanna stendur að hátíðinni í samvinnu við ýmsa aðila og eru þeir kvikmyndagerðarmenn sem eru með stutt- eða heimildarmyndir á prjónunum hvattir til að stefna á þennan vettvang.

Hjálmtýr Heiðdal er umsjónarmaður Reykjavík Shorts and Docs.

Hér fer fréttatilkynning frá Félagi kvikmyndagerðarmanna um hátíðina:

"Heimilda- og stuttmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs verður í apríl n.k. Félag kvikmyndagerðarmanna setti á laggirnar undirbúningsnefnd sem er búin að starfa frá byrjun nóvember að undirbúningi RS&D 2003. Formaður er Hjálmtýr Heiðdal en aðrir í nefndinni eru Jón Karl Helgason, Kolbrún Jarlsdóttir, Hildur Loftsdóttir og Ólafur H. Torfason.

Hátíðin hefst daginn fyrir sumardaginn fyrsta – 23.apríl.

Samstarfsaðilar eru Kvikmyndamiðstoð Íslands, Reykjavíkurborg, Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn, Filmundur/Háskólabíó og Evrópusambandið.

Sýnt verður mikið og gott úrval af heimilda- og stuttmyndum og stefnt er að því að bjóða 2-3 erlendum leikstjórum.

Við hvetjum alla íslenska kvikmyndagerðarmenn sem eru með heimilda- og stuttmyndir í pípunum að hafa samband við Hjálmtý Heiðdal í síma 893 1015."

Kvikmyndaráð spáir í forstöðumenn Kvikmyndamiðstöðvar og Kvikmyndasafns

Menntamálaráðherra hefur skipað í Kvikmyndaráð til þriggja ára í samræmi við ný kvikmyndalög sem tóku gildi 1. janúar. Formaður ráðsins er ***Óskar Magnússon***, forstjóri Íslandssíma og varaformaður ***Þór Sigfússon*** hagfræðingur en þeir eru báðir skipaðir án tilnefningar. Aðrir í ráðinu eru ***Björn Br. Björnsson***, tilnefndur af Félagi kvikmyndagerðarmanna, ***Ari Kristinsson***, tilnefndur af Framleiðendafélaginu - SÍK, ***Friðrik Þór Friðriksson***, tilnefndur af Samtökum kvikmyndaleikstjóra, ***Björn Sigurðsson***, tilnefndur af Félagi kvikmyndahúsaeigenda, og ***Tinna Gunnlaugsdóttir***, tilnefnd af Bandalagi íslenskra listamanna.

Ráðið hefur þegar komið nokkrum sinnum saman til að fara yfir umsóknir. Þegar þetta er skrifað hafa engar ákvarðanir verið teknar en óhætt að segja að bransinn bíði nokkuð óþreyjufullur, enda gerast hlutirnir hægt á meðan. Búist er við að ráðið láti í sér heyra innan mjög skamms tíma og í framhaldi af því mun ráðherra taka endanlega ákvörðun.

Kvika heitir nýr vefur um kvikmyndir

Sigríður Pétursdóttir kvikmyndafræðingur hefur opnað vef um kvikmyndir á slóðinni ***www.kvika.net.*** Þetta er hinn laglegasti vefur og með fullt af fínu efni fyrir áhugamenn um kvikmyndir. Aðaláhersla er lögð á greinar og viðtöl af ýmsu tagi og tengist ýmislegt af efninu vinnu Sigríðar við menningarþáttinn ***Mósaík*** hjá Sjónvarpinu, auk þess sem hún skrifar reglulega um sunnudagsmyndir Sjónvarpsins.

Rúrik Haraldsson
1926-2003

Rúrik Haraldsson leikari lést þann 23. janúar s.l., 77 ára að aldri. Að honum gengnum hafa Íslendingar misst einn sinn merkasta leikara. Rúrik hafði ekki aðeins til að bera næmt innsæi og leiftrandi skopskyn sem gerðu honum kleift að takast á við fjölþætt hlutverk af margvíslegum toga, heldur bjó hann yfir algerlega einstakri rödd sem einhvernveginn gerði hvert orð að áreynslulausum sannleik.

Rúrik fæddist í Vestmannaeyjum 14. janúar 1926 og lauk þaðan gagnfræðaprófi árið 1945. Hann stundaði nám við Leiklistarskóla Lárusar Pálssonar 1945 til 1946 og nám við Central School of Dramatic Art and Speech Training at Albert Hall í Lundúnum árin 1947 til 1950.

Rúrik kom fram í fjölda kvikmynda og sjónvarpsmynda, oftast í minni rullum. Sérlega eftirminnilegur var hann í sjónvarpsmyndinni ***Steinbarn*** (1990) eftir Egil Eðvarðsson þar sem hann lék sérlundaðan og einrænan vitavörð.

VERÐLAUNAHAFAR EDDUNNAR

ÍSLENSKU KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSVERÐLAUNANNA

2002

FRAMLAG ÍSLANDS TIL ÓSKARSFORVALS

HAFIÐ

LEIKIÐ SJÓNVARPSEFNI ÁRSINS

ÁRAMÓTASKAUP SJÓNVARPSINS 2001

Leikstjóri: Óskar Jónasson. Handrit: Hallgrímur Helgason, Hjálmar Hjálmarsson, Óskar Jónasson. Framleiðandi: Sjónvarpið.

HEIMILDARMYND ÁRSINS

Í SKÓM DREKANS

Stjórn: Hrönn og Árni Sveinsbörn. Handrit: Hrönn og Árni Sveinsbörn. Framleiðandi: Böðvar Bjarki Pétursson fyrir Tuttugu geitur.

LEIKKONA ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

Herdís Þorvaldsdóttir fyrir "Hafið"

FAGVERÐLAUN - ÚTLIT MYNDAR

Gunnar Karlsson fyrir listræna stjórn á "Litlu lirfunni ljótu"

FAGVERÐLAUN - HLJÓÐ OG MYND

Valdís Óskarsdóttir fyrir klippingu "Hafsins"

LEIKARI ÁRSINS Í AUKAHLUTVERKI

Sigurður Skúlason fyrir "Hafið" og "Gemsa"

HANDRIT ÁRSINS

Baltasar Kormákur og Ólafur Haukur Símonarson fyrir "Hafið"

TÓNLISTARMYNDBAND ÁRSINS

"Á nýjum stað" (Sálin hans Jóns míns)

Leikstjórar: Samúel Bjarki Pétursson og Gunnar Páll Ólafsson. Framleiðandi: Hugsjón kvikmyndagerð.

STUTTMYND ÁRSINS

"Litla lirfan ljóta"

Leikstjóri: Gunnar Karlsson. Handrit: Friðrik Erlingsson. Framleiðandi: CAOZ hf.

LEIKARI ÁRSINS

Gunnar Eyjólfsson fyrir "Hafið"

LEIKSTJÓRI ÁRSINS

Baltasar Kormákur fyrir "Hafið"

LEIKKONA ÁRSINS

Elva Ósk Ólafsdóttir fyrir "Hafið"

SJÓNVARPSFRÉTTAMAÐUR ÁRSINS

Árni Snævarr, Stöð 2

SJÓNVARPSÞÁTTUR ÁRSINS

AF FINGRUM FRAM

Umsjón: Jón Ólafsson. Dagskrárgerð: Jón Egill Bergþórsson og Jón Ólafsson. Framleiðandi: Sjónvarpið.

HEIÐURSVERÐLAUN ÍKSA

Magnús Magnússon fyrir farsælt framlag sitt til sjónvarps í tæplega fjörtíu ár.

VINSÆLASTI SJÓNVARPSMAÐUR ÁRSINS

Sverrir Sverrisson (Sveppi), Popp Tíví

BÍÓMYND ÁRSINS

HAFIÐ

Leikstjóri: Baltasar Kormákur. Handrit: Baltasar Kormákur og Ólafur Haukur Símonarson. Framleiðandi: Sögn ehf.

Nína Dögg Filippusdóttir í Hafinu eftir Baltasar Kormák; einn sterkasti hlekkurinn í öflugum leikarahóp myndarinnar. INNFELLD MYND: Baltasar og Edda. Hugguleg par.

2002 VAR ÁR HAFSINS

Baltasar Kormákur og áhöfnin á Sögn RE 101 fengsælastir á miðunum

Nýliðið ár var ekki aðeins stærsta bíómyndaár í okkar sögu, með níu frumsýndum íslenskum bíómyndum í fullri lengd, heldur voru jafn margar heimildarmyndir sýndar í kvikmyndahúsunum á árinu, sem er algerlega einstakt (sjá nánar um þær í næstu opnu).

Bíómyndirnar voru reyndar af ýmsum stærðum og gerðum, allt frá hraðódýrum stafrænum uppí rándýrar hliðrænar (35mm). Ódýru stafrænu myndunum var þokkalega tekið í heildina. **Gemsar,** hráslagaleg saga um ráðvillta unglinga eftir Mikael Torfason, var sýnd í febrúar en hlaut ekki mikla aðsókn. Sérstaka athygli vakti þó frammistaða Sigurðar Skúlasonar sem hlaut Edduna fyrir leik sinn. **Reykjavík Guesthouse** eftir Björn Thors, Börk Sigþórsson og Unni Ösp Stefánsdóttur seldi einnig fáa miða en þótti ágætlega gerð og næmlega unnin. **Í faðmi hafsins** eftir Lýð Árnason og Jóakim Hlyn Reynisson var sýnd í fáeina daga hjá Filmundi síðla vetrar og svo í Sjónvarpinu um páskana. Sú mynd kom mörgum skemmtilega á óvart. **Maður eins og ég** eftir Róbert Douglas fékk ágæt viðbrögð en stóð ekki undir væntingum aðsóknarlega, þrátt fyrir að fá tæplega 20.000 manns síðsumars. Þorsteinn Guðmundsson var lofaður mjög fyrir leik sinn í myndinni. Fáum sögum fer af **Gildrunni** eftir Örn Inga enda var myndin aðeins í almennum sýningum á Akureyri.

Regína eftir Maríu Sigurðardóttur fékk fínar viðtökur í upphafi árs, þó nokkuð hefði verið kvartað yfir tónlistinni í þessari dans- og söngvamynd. Aðsókn fór eitthvað yfir 20.000 áhorfenda múrinn.

Í **Stellu í framboði** eftir Guðnýju Halldórsdóttur var reynt að gera mynd við alþýðuskap. Um 23.000 manns hafa séð myndina þegar þetta er skrifað.

Fálkar Friðriks Þórs hlutu furðu litla náð í miðasölunni og almennt þótti myndin falleg á að líta en nokkuð daufleg.

Hafinu eftir Baltasar Kormák var hinsvegar feykilega vel tekið og verður hún að teljast bíómynd ársins. Myndin hlaut ekki aðeins góða aðsókn (ca. 57.000 manns) og átta Eddur heldur náði hún einnig inní kviku umræðunnnar í landinu, nokkuð sem er alltof sjaldgæft með íslenskar myndir.

Að öðru leyti var árið afar viðburðaríkt. Hæst ber tímabundin brottvikning Þorfinns Ómarssonar, afskipti Vilhjálms Egilssonar af úthlutunum, lagaþras kringum heimildarmyndina **Í skóm drekans** og smíði reglugerðar vegna nýrra kvikmyndalaga. Þá tókst Edduhátíðin tókst sérlega vel að þessu sinni. Þetta var merkilegt ár í heildina tekið og tilfinningin er að (þrátt fyrir allt) miði okkur ofurlítið frammávið.

ÞJÓÐIN OG BÍÓMYNDIRNAR

Íslendingar fara allra þjóða oftast í bíó og miklu hærra hlutfall þeirra sér innlendar myndir en almennt gerist. Samt er markaðshlutdeild íslenskra bíómynda á heimamarkaði óralangt fyrir neðan öll meðaltöl. Hvernig í ósköpunum má það vera?

EFTIR ÁSGRÍM SVERRISSON



Amerískar bíómyndir tröllríða evrópskum markaði eins og álykta má af þessu grafi, en hvergi þó eins og á Íslandi. Frakkar eru og hafa verið brjóstvörn Evrópu í þessum efnum. Hinsvegar er skýringanna á hárri markaðshlutdeild bandarískra bíómynda á Íslandi ekki síst að leita í mikilli aðsókn í kvikmyndahús hér á landi sbr. mynd 3.



Hér er höfðatölureglan góða notuð, þ.e. myndum annarra þjóða er stillt upp miðað við íslenskar forsendur. Á þennan hátt sést skýrt og greinilega hversu íslenskar kvikmyndir eru stór þáttur af íslensku mannlífi og samtíma. Jafnvel rótgrónar kvikmyndaþjóðir sem mótað hafa evrópska kvikmyndahefð eiga ekkert í Íslendinga hvað þetta varðar.

Því er reyndar auðsvarað. Við förum tæplega sex sinnum í bíó á ári að meðaltali (***sjá mynd 3***), sem gerir okkur að einni mestu bióþjóð heimsins. Við torgum heilum ósköpum af amerískri iðnaðarframleiðslu en förum ekki að sjá íslenska mynd nema í ca. tuttugasta hvert skipti (***sjá mynd 1***). Engan veginn er samt hægt að kvarta yfir áhugaleysi þjóðarinnar á innlendri framleiðslu enda sækja rúm 16% hennar íslenska mynd hverju sinni. Það hlutfall þekkist hvergi annarsstaðar (***sjá mynd 2***). Því virðist aðeins ein leið fær ef stækka á markaðshlutdeildina: framleiða miklu fleiri myndir!

Screen International greindi frá því nýlega að danskar myndir nytu nú, sem undanfarin ár, mikillar hylli á heimamarkaði. Stefnir í að markaðshlutdeild heimasmíðaðra mynda verði rúmlega fjórðungur af heildaraðsókn í bióhúsin þar í landi. Slíkar tölur eru langt fyrir ofan hið íslenska meðaltal undanfarinna ára sem er um 5%.

Hinsvegar er forvitnilegt að skoða málið frá öðrum sjónarhóli. Meðaltalsaðsókn á danska bíómynd hin síðari ár er rúmlega 100 þúsund manns eða sem svarar til um 5.000 áhorfenda á Íslandi. Slíkt þætti ekki góður árangur hér, þar sem hefur einhvernveginn orðið viðtekið að telja mynd sem fær undir 20.000 áhorfendum vonbrigði. Nær allstaðar annarsstaðar myndi sambærileg aðsókn teljast feykilega góð.

Það á sér vissar skýringar. Tæplega 19.000 gestir sækja íslenska mynd að meðaltali undanfarin ár og fer sú tala hækkandi. Gríðarleg aðsókn á fáeinar myndir hjálpar þó mikið til að halda uppi meðaltalinu. Þetta meðaltal er hlutfallslega miklu hærra en t.d. í Danmörku. Danir fara hinsvegar aðeins tvisvar sinnum á ári í bíó á meðan við förum næstum þrisvar sinnum oftar og þar liggur munurinn meðal annars. Vegna mannfæðarinnar hér er tilhneigingin einnig sú að telja að auðvelt sé að ná til þjóðarinnar allrar í stað



Sú kenning hefur oft heyrst að ástæðan fyrir mikilli bíósókn Íslendinga sé sú að hér sé fátt annað um að vera. Það á varla við lengur enda hefur aðsóknin hrapað mikið frá því sem var fyrir fáeinum áratugum þegar meðalaðsóknin var yfir 10 myndir á haus. Engu að síður höldum við forystunni sem ein helsta bióþjóð heimsins.

ákveðinna hópa sem flestir aðrir gera myndir fyrir. Þó er ljóst að til að brjóta 20.000 áhorfenda múrinn þarf viðkomandi mynd að höfða til fólks sem ekki tilheyrir hinum hefðbundna hópi kvikmyndahúsagesta.

Íslenskar bíómyndir eru því í afar einkennilegri stöðu á heimamarkaði. Í samanburði við stöðu mála hjá öðrum þjóðum njóta þær gríðarlegra vinsælda. Hinsvegar eru væntingarnar slíkar að meðaltalsaðsókn er nokkuð undir því sem ásættanlegt getur talist!

Og þrátt fyrir þessar gífurlegu vinsældir njóta þær afar lítillar markaðshlutdeildar!

Eða eins og segir í auglýsingunni: "Við Íslendingar erum engum líkir..."

Heimildamyndir voru áfram í roknasókn árið 2002. Sumar sóttu inn á við en aðrar voru meira fyrir útlitið, segir **Ólafur H. Torfason**

Innlit - útlit

Heimildarmyndir eru alls staðar í sókn, magnið er meira og þær ryðja sér í auknum mæli til rúms á almennum bíósýningum og hátíðum. Þær vógu þyngra heldur en nokkru sinni fyrr á Cannes-hátíðinni 2002, átta heimildarmyndir voru á formlegri dagskrá og ein tók þátt í aðalkeppninni (*Bowling for Columbine* eftir Michael Moore). Síðast voru heimildarmyndir í aðalkeppni Cannes fyrir nær hálfri öld (1956). Heimildarmyndir voru í ár í fyrsta sinn sérstakur dagskrárliður á Sundance-hátíðinni. Tvær heimildarmyndir voru í hópi þeirra tíu verka sem tilnefnd voru til kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs 2002.

Það var líka sérstakur áfangi í fyrra þegar hér voru sýndar um 50 myndir í apríl 2002 við ágæta aðsókn á fyrstu alþjóðlegu heimildar- og stuttmyndahátíðinni í Reykjavík, *"Reykjavík Shorts and Docs 2002"*.

Vert er að geta áhrifa heimildamynda á stýrðar myndir. *Gæsapartí* eftir Böðvar Bjarka Guðmundsson líkist því sem enskumælandi nefna "fictumentary", er í talsverðum fréttastíl. Og tilbúin viðtöl við aðalleikarana eru stór hluti af *Gemsum* eftir Mikael Torfason.

Þetta eru aðeins nokkur dæmi. Hvað veldur? Meðfærilegri tækni? Meiri áhugi á "alvöru"-málefnum, á "sönnum sögum", á samtímanum?

Innlit - útlit

Mig grunar að hluti af skýringunni á því hve margar heimildamyndir gerast nú skarpari og einbeittari og ná betur til áhorfenda sé sjálfsmyndarkreppa samtímamannsins. Fólk leitar samkvæmt þessum grun mínum í auknum mæli að tilgangi, samhengi, svörum af einhverju tagi - og heimildarmyndafólk vinnur af meiri ástríðu og einlægni en oft áður.

Valgerður Matthíasdóttir hefur um skeið verið með merkilegan og vinsælan sjónvarpsþátt á Skjá einum sem nefnist *Innlit/útlit*. Hún lítur inn hjá fólki og sýnir vistarverurnar. En um leið er önnur merking í þessu, innlit merkir að gestgjafinn hleypir okkur að sér og útlit að hann er að reyna að sýnast eitthvað með ásýnd heimilsins, það er listaverkið hans. Þættirnir eru því um hvernig einstaklingurinn stendur sig sem leikari í eigin leikmynd, hverju hann er að reyna að koma á framfæri, meðvitað eða ómeðvitað.

Mér hefur dottið í hug að flokka mætti heimildarmyndir með þetta í huga. "Innlit" má þá kalla þau ágengu verk sem kafa í efniviðinn og reyna að skapa rétta tilfinningu fyrir honum. Einstaklingarnir verða þá líka að gefa færi á sér. "Útlit" má kalla þær heimildarmyndir sem eru uppstilltari og leitast við að gefa breiðara yfirlit, sýna samhengi og sögu. Þær ná því sjaldan að verða meira en skýrsla.

Nokkur íslensk innlit

Innlit eru oft ágeng og ögrandi en það er samt ekki eins mikið yfirheyrt núna og njósnað eins og títt hefur verið í heimildamyndagerð áður. Áhorfendur á Íslandi 2002 gátu horft á mörg innlit sem rannsökuðu einstaklinga og áráttur, svo að við færðumst bæði nær þeim og sjálfum okkur. Athyglisvert má telja að nær helmingur þeirra fjallar um listamenn. Minna má einnig á þáttaröðina *Maður er nefndur*. Hér eru dæmi um stök verk og ég gef þeim gæðastjörnur, fjórar mest:

**** ***Hlemmur*** eftir Ólaf Sveinsson (nokkrar persónur sem komu reglulega á biðstöð SVR á Hlemmtorgi í margs konar baráttu).

**** ***Varði Goes Europe*** eftir Grím Hákonarson (gítarleikarinn Hallvarður Ásgeirsson í óvissuferð með gítarinn sem strætaspilari fræðist stanslaust af skrautlegum kollegum).

*** ***Í skóm drekans*** eftir Hrönn Sveinsdóttur og Árna Sveinsson (reynsla af kroppasýningu 2000). Hlaut Edduverðlaun sem besta heimildarmynd ársins 2002.

*** ***Leitin að Rajeev*** eftir Rúnar Rúnarsson og Birtu Fróðadóttir (leit að æskuvin sem finnst ótrúlegt nokk á Indlandi).

*** ***Lokinhamrar*** eftir Sigurð Grímsson (fylgst í nær tvö ár með einbúanum Sigurjóni Jónassyni bónda á Lokinhömrum í Arnarfirði og þar á meðal tilfinningaþrungnum lokunum á föstum búskap þar).

*** ***Möhöguleikar*** eftir Ara Alexander Ergis Magnússon (Sigurður Guðmundsson listamaður hannar, staðsetur og framkvæmir listaverk í nokkrum löndum). Var á vinnslustigi kölluð Tuttugu bit, m.a. oft hér í blaðinu. Tilnefnd til Edduverðlauna.

*** ***Pam & Nói og mennirnir þeirra*** (konur frá Suðaustur-Asíu finna lífsförunauta í Kelduhverfi í Norður-Þingeyjarsýslu). Myndgerðin tók þrjú ár og sýnir bæði vetrargolf fyrir norðan og húsbyggingar í Tælandi. Tilnefnd til Edduverðlauna.

*** ***Samræða um kvikmynd*** eftir Ara Halldórsson og Hákon Má Oddson. (Þorgeir Þorgeirson messar um kvikmyndir,

eigin feril og sparifataþjóðina).

** ***Arne í Ameríku*** eftir Steingríms Dúa Másson (lífshættuleg stökk hins bráðgreinda Arne Århus ofan af byggingum).

** ***Guðjón*** eftir Þorfinn Guðnason (Guðjón Bjarnason myndlistarmaður reynir að koma sér á framfæri, sprengir málmhólka og ferðast um íslenskan listaheim og víða um hnöttinn).

** ***Hljóðlát sprenging*** eftir Þór Elís Pálsson (nýtt og gamalt með Magnúsi Pálssyni listamanni sem var frumkvöðull í nýlistum hér en hefur undanfarna áratugi búið á Englandi).

** ***Hver hengir upp þvottinn?*** Þvottur, stríð og rafmagn í Beirút eftir Hrafnhildi Gunnarsdóttur (Tina Naccache, líbanskur mannréttindafrömuður útskýrir afleiðingar stríðs um leið og hún sinnir heimilisstörfum). Tilnefnd til Eddu-verðlauna.

** ***Takk, mamma mín*** eftir Þorstein J. (Móðir höfundar liggur banaleguna og sonurinn fer í ferðalag með henni um ævi þeirra beggja).

Útlit

Orðið útlit er hér notað um þær heimildarmyndir sem reyna að segja sögu, sýna samhengi, gefa skýrslu. eru uppstilltari og leitast við að gefa breiðara yfirlit, sýna samhengi og sögu. Þær ná því sjaldan að verða meira en skýrsla. Sú var tíðin að langflestar heimildarmyndir hefðu lent í þessum flokki en nú eru þær sárafáar. Hér er að vísu hvorki minnst á náttúrulífsmyndir né þáttaraðir eins og ***Sönn íslensk sakamál***, eða ***Tuttugustu öldina***.

**** ***Tyrkjaránið*** eftir Þorstein Helgason (þriggja þátta röð um árás muslima á Ísland á 17. öld og afdrif fólks sem var rænt). Tilnefnd til Eddu-verðlauna. Þættirnir voru m.a seldir til sýninga í Hollandi og á Írlandi. (Sjá ítarlegri grein mína í 4. tbl. Lands & sona 2002).

** ***Ísaldarhesturinn*** eftir Pál Steingrímsson (spurning um uppruna og eðli, sýndar hrossateikningar úr mannvistarhellum frá ísöld sem gefa til kynna að íslenski hesturinn sé svipað dýr). Myndin fékk alls fern verðlaun á International Wildlife Film og Wildlife Europe hátíðunum og Discovery sjónvarpsstöðin tók hana til sýninga.

** ***Út reri einn á báti...*** eftir Markús Örn Antonsson (Bjarni Jónsson listmálari útskýrir sjávarhætti með málverkum sínum og bendipriki).

Eldborg - sönn íslensk útihátíð eftir Ágúst Jakobsson (sukk og viðtöl um Verslunarmannahelgina 2001). (Ég sá hana ekki, engin einkunn).

Skyldulesning

Kominn er á prent skyldulesning fyrir íslenska heimildarmyndagerðarmenn og allir kvikmyndagerðarmenn geta trúlega lært talsvert af henni. Þetta er yfirlitsgrein Þorsteins Helgasonar, sagnfræðings og heimildamyndagerðarmanns, í nýjasta hefti Sögu, fagrits íslenskra sagnfræðinga. Nefnist hún "Saga á skjánum: Sögulegar heimildarmyndir fyrir sjónvarp". (Saga XL:2 2002 bls. 41-78).

Þótt nafnið bendi til þess að greinin snúist um sjónvarpsmál er skírskotun hennar miklu víðari. Þorsteinn leiðir lesandann á þægilegan máta um ýmsar grundvallarslóðir í tækni- og hugmyndasögu kvikmyndagerðar og heimildamyndagerðar sérstaklega. Einnig fjallar hann skilmerkilega um nokkrar sögulegar heimildarmyndir eftir Einar Heimisson, Hjálmtý Heiðdal, Margréti Jónasdóttur, Hannes Hólmstein Gissurarson, Erlend Sveinsson, Baldur Hermannsson og Birgi Sigurðsson.

Höfundur er kvikmyndagagnrýnandi Rásar 2 og rekur einnig kvikmyndavef á slóðinni www.centrum.is/xo.

FYRSTU SPORIN: Úr Landi og sonum eftir Ágúst Guðmundsson, Óðali feðranna eftir Hrafn Gunnlaugsson og Veiðiferðinni eftir Andrés Indriðason.

KVIKMYNDASJÓÐUR ÍSLANDS 1978 - 2002:

VORVERKIN TALA

Það varð hlutskipti Kvikmyndasjóðs Íslands að vinna vorverkin í íslenskri kvikmyndasögu, rækta og hlúa að vaxtarsprotunum. Ljóst er að starfið var oft unnið meira af vilja en getu vegna ýmissa takmarkana, en afrakstur inn er engu að síður á áttunda tug bíómynda á rúmum 24 árum. Nú þegar stofnunin skiptir um nafn og að ýmsu leyti um starfsaðferðir er ástæða til að líta yfir farinn veg.

EFTIR ÁSGRÍM SVERRISSON

Sögu sjóðsins má skipta gróflega í fjóra hluta. Vart er hægt að skilja sögu hans frá kvikmyndunum sem hann styrkti og almennu gengi þeirra og verður því farið yfir sviðið út frá því hvernig sjóðnum hefur tekist að stuðla að uppgangi íslenskrar kvikmyndagerðar, enda vera (og er) leikurinn til þess gerður.

1. HLUTI: ÍSLENSKA KVIKMYNDAVORIÐ

Á upphafsárunum, undir stjórn Knúts Hallssonar, var sjóðurinn afar smár að vöxtum en bjartsýni framleiðenda og mikill áhugi þjóðarinnar hélt framleiðslunni uppi og gerðar voru 3-4 myndir á ári. Erlent fjármagn er í lágmarki á þessum árum enda ekki búið að stofna sjóði á borð við Eurimages og Norræna kvikmyndasjóðinn. Hrafn Gunnlaugsson mun helst hafa fengið eitthvað fé í myndir sínar frá Svíþjóð. Aðsókn mun hafa verið afar góð og ekki óalgengt að heyra um aðsóknartölur yfir 50.000 og allt uppí rúmlega 100.000 manns. Þessar tölur eru þó óstaðfestar af óháðum aðilum og um þær hefur verið deilt. Engu að síður leikur ákveðinn ljómi um þetta tímabil sem kallað hefur verið "vorið í íslenskri kvikmyndagerð". Flestar myndanna voru frekar ódýrar, líklega á bilinu 20-50 milljónir á núvirði.

2. HLUTI: VORHRET Á GLUGGA

1984 eru sett ný kvikmyndalög, þar sem fjármögnun sjóðsins á að byggjast á skemmtanaskatti og síðar virðisaukaskatti af almennum kvikmyndasýningum. Höfðu kvikmyndaframleiðendur barist fyrir þessu og var markmiðið að stækka sjóðinn til muna og tryggja örugga tekjustofna. Gekk það þó misvel eftir þar sem hið lögbundna framlag var gjarnan skorið niður við gerð fjárlaga. Hermt er að a.m.k. einu sinni á þessu tímabili hafi sjóðurinn meira að segja verið strikaður út úr fjárlagafrumvarpi af sparnaðarástæðum en hætt hafi verið við það á síðustu stundu.

Um það leyti sem lögin taka gildi er orðið ljóst að íslenskar myndir eru ekki lengur nær öruggar um fjöldaaðsókn eingöngu vegna þjóðernisins – nýjabrumið er farið af þeim. Þróunin verður sú að sýndar eru ein til tvær myndir á ári og aðsóknin minnkar.

Guðbrandur Gíslason er ráðinn framkvæmdastjóri sjóðsins 1984 og verður Knútur þá formaður stjórnar. Því starfi heldur hann allt til 1990.

Þegar hin nýju lög taka gildi hefst jafnframt markvissari stuðningur sjóðsins við kynningu íslenskra mynda á erlendum vettvangi. Samstarf komst á við norrænu kvikmyndastofnanirnar um sameiginlega kynningu norrænna

mynda á kvikmyndahátíðinni í Cannes Þess var krafist að Íslendingar tækju fullan þátt í kostnaði til jafns við aðra en slíkt hefði reynst sjóðnum ofviða. Sökum góðra tengsla Knúts við Klas Olafson, þáverandi stjórnanda sænsku kvikmyndastofnunarinnar, fékkst hlutdeild Íslands lækkuð í 1% af kostnaði eins og svo oft gerist í norrænu samstarfi.

Þorsteinn Jónsson tekur við framkvæmdastjórastarfinu 1990. Ári eftir er aðeins ein mynd frumsýnd. Reyndar engin önnur en *Börn náttúrunnar* sem verður að teljast tímamótamynd í íslenskri kvikmyndasögu, enda varð hún til þess að koma íslenskri kvikmyndagerð "á kortið" í alþjóðlegu samhengi og þá sérstaklega hvað varðar feril Friðriks Þórs og fyrirtækis hans, Íslensku kvikmyndasamsteypunnar.

3. HLUTI: ERLEND SAMVINNA EYKST

1992 hefst nýr kafli þar sem þáttur erlends fjármagns stækkar. Til sögunnar eru komnir sjóðir á borð við Eurimages (stofnaður 1989) og Norræna kvikmyndasjóðinn (stofnaður 1986), sem skapa svigrúm til samframleiðslu í mun meira mæli en áður. Bryndís Schram verður um þetta leyti forstöðumaður sjóðsins.

1992 er ákveðið tímamótaár því þá eru sýndar hvorki meira né minna en sex myndir, þar af helmingurinn eftir nýja leikstjóra. Tvær þeirra (*Veggfóður* og *Sódóma Reykjavík*) fá ekki aðeins mikla aðsókn (40.-50.000 manns að sögn framleiðenda) heldur færa poppmenningu samtímans inní íslenska kvikmyndagerð, nokkuð sem ýmsum þótti tími komin til. Þá styðja Frakkar og Skandinavar hið metnaðarfulla verk Kristínar Jóhannesdóttur *Svo á jörðu sem á himni* sem var frumsýnd þetta ár.

Í kjölfar velgengni *Barna náttúrunnar* vex Íslensku kvikmyndasamsteypunni mjög ásmegin og verður nokkurskonar hryggjarsúla íslenskrar kvikmyndagerðar sem framleiðandi eða meðframleiðandi meirihluta íslenskra bíómynda. 1995 er annað "sprengjuár" þar sem sjö myndir eru frumsýndar, þar af fimm sem Samsteypan kemur að með einum eða öðrum hætti. En þrátt fyrir mikinn metnað margra þessara mynda veldur aðsóknin vonbrigðum. Ári síðar birtist þó *Djöflaeyja* Friðriks Þórs og slær svo hressilega í gegn að leita verður aftur til upphafsáranna að samanburði (um 80.000 áhorfendur skv. tölum Félags kvikmyndahúsaeigenda).

Smæð sjóðsins og hið lága styrkhlutfall gerir framleiðendum sífellt erfiðara fyrir, ekki síst gagnvart erlendum fjárfestum sem undrast hið lága hlutfall heimafjármögnunar (rúm 20% að meðaltali).

1996 segir Bryndís Schram af sér eftir að hafa kvartað yfir skilningsleysi stjórnvalda á mikilvægi íslenskra kvikmynda. Þorfinnur Ómarsson tekur við stöðunni. Við næstu úthlutun sjóðsins hefur framlag ríkisins hækkað um tæplega 70%, eða úr 45 milljónum í 75 milljónir. Stærstu vilyrðin það árið fara til *Myrkrahöfðingjans* í leikstjórn Hrafns Gunnlaugssonar (38.7 milljónir – langhæsta vilyrði fram að því) og *Engla alheimsins* (26 milljónir) í leikstjórn Friðriks Þórs Friðrikssonar.

Þrátt fyrir þessa hækkun á framlögum til sjóðsins er hann áfram smár í sniðum og styrkhlutfallið hækkar ekki, heldur er reynt að ýta fleiri verkefnum úr vör. Þrýstingur kvikmyndagerðarmanna á stjórnvöld um framtíðarúrbætur eykst

Þessir hafa oftast fengið úr sjóðnum

Eftirtaldir leikstjórar fengu oftast fyrirgreiðslu til framleiðslu bíómynda á starfstíma Kvikmyndasjóðs. Reiknað er frá fyrsta ári sem viðkomandi leikstjóri fékk styrk (ath.: óafgreidd vilyrði eru einnig reiknuð með):

- **Friðrik Þór Friðriksson**, átta styrkir (rúmlega annað hvert ár að meðaltali)
- **Hrafn Gunnlaugsson**, sjö styrkir (rúmlega þriðja hvert ár að meðaltali)
- **Ágúst Guðmundsson**, sex styrkir (tæplega fjórða hvert ár að meðaltali)
- **Guðný Halldórsdóttir**, sex styrkir (fjórir ef aðeins eru talin þau verk sem hún hefur leikstýrt, hin tvö skrifaði hún handrit að og framleiddi – rúmlega þriðja hvert ár að meðaltali á hvorn veg sem reiknað er).
- **Þráinn Bertelsson**, fimm styrkir (Dalalíf og Löggulíf munu hafa verið gerðar án styrkja úr sjóðnum – rúmlega fjórða hvert ár að meðaltali).

Nokkrir aðrir leikstjórar hafa einnig "þokkaleg meðaltöl", t.d.:

- **Baltasar Kormákur** (annað hvert ár að meðaltali)
- **Gísli Snær Erlingsson** (þriðja hvert ár að meðaltali)
- **Óskar Jónasson** (rúmlega þriðja hvert ár að meðaltali)
- **Hilmar Oddsson** (fjórða hvert ár að meðaltali)

Hvernig sjóðurinn varð að veruleika: Knúts þáttur Hallssonar

Árið 1978 (8. maí) samþykkti Alþingi lög um Kvikmyndasjóð og fór fyrsta úthlutun úr honum fram árið 1979. Málið átti sér nokkurn aðdraganda. Í landinu var orðinn til hópur manna sem stundað höfðu nám í kvikmyndagerð og/eða unnið leikið efni fyrir sjónvarp. Þessir aðilar, ásamt ýmsum öðrum sem áhuga höfðu á kvikmyndinni sem listformi, höfðu þrýst á ráðamenn um aðkomu ríkisins að fjármögnun bíómynda. Í þessum efnum nutu þeir stuðnings Knúts Hallssonar, þáverandi deildarstjóra menningarmála í Menntamálaráðuneytinu (síðar ráðuneytisstjóra).

***VÍKINGAR Í KÆNUGARÐI:** Frá vinstri: Hrafn Gunnlaugsson, Hilmar Oddsson og Knútur Hallsson á ferðalagi með íslenskar myndir í Rússlandi (úr bókinni "Krummi" eftir Árna Þórarinsson). **INNFELLD MYND:** Vilhjálmur Hjálmarsson, menntamálaráðherra 1974-1978.*

Í samtalsbók Árna Þórarinssonar við Hrafn Gunnlaugsson, "Krummi", lýsir Hrafn ferlinu á þennan hátt: "Tilkoma Kvikmyndasjóðs er Knúti Hallssyni öðrum fremur að þakka. Hann hafði árum saman starfað að listum og menningarmálum í menntamálaráðuneytinu og var með brennandi áhuga á kvikmyndum [...]. Knútur stýrði stofnun Kvikmyndasjóðs bak við tjöldin og við rerum í ráðamönnum, Thor Vilhjálmsson, Baldvin Tryggvason, Birgir Sigurðsson og Indriði G. Þorsteinsson. Albert Guðmundsson var líka drjúgur stuðningsmaður."

Knútur viðurkennir að "hafa verið viðstaddur getnað og fæðingu krógans" eins og hann orðar það svo skemmtilega í stuttu spjalli við L&S, "en ég tel mig þó ekki vera einan föður að, þar komu fleiri til. En í minni föðurlegu umsjá var blessað afkvæmið um ellefu ára skeið."

Þegar hann er beðinn um að rifja upp hvernig sjóðurinn varð að veruleika segir hann: "Það er skemmtilegur paradox að ráðherrann sem ýtti Kvikmyndasjóði úr vör hafði aldrei í bíó komið - að því er hann sagði mér sjálfur. Þetta var öðlingurinn Vilhjálmur Hjálmarsson frá Brekku í Mjóafirði. Ekki skiptir máli hvort þetta er bókstaflega satt en Vilhjálmur var laundrjúgur húmoristi og vís til að skrökva ýmsu uppá sig til að krydda frásögnina. Hann þekkti auðvitað líka hina frægu setningu Jónasar frá Hriflu, þegar hann var að skrökva sem mest: "Þetta hefði getað verið satt". Ég legg því til að litið verði á þessa sögu sem heilagan sannleik í íslenskri kvikmyndasögu."

Knútur lýsir því ennfremur þegar þeir Vilhjálmur, skunduðu á fund Matthísar Mathiesen, sem þá var fjármálaráðherra, til að reyna að kría útúr honum fjárveitingu sem mætti verða tannfé hins nýja sjóðs. "Matthías tók glaðhlakkalega á móti okkur og ég býst við að við Vilhjálmur höfum notið þess að Hafnfirðingnum hafi runnið blóðið til skyldunnar, en á sokkabandsárum minnar kynslóðar og Matthíasar var Hafnarfjörður einskonar Mekka kvikmyndanna á Íslandi þegar þar voru sýndar allar helstu myndir frá gull-aldartímabili evrópskrar kvikmyndagerðar. Þá var oft fullt í Hafnarfjarðarstrætó. Matthías féllst á að veita 30 milljónum króna til sjóðsins. Þetta var reyndar ekki há upphæð en mestu máli skipti að eitthvert byrjunarframlag fengist og að sjóðurinn kæmist á fjárlög. Þar með var hann "kominn á blað" eins og stundum er sagt og eftirleikurinn væntanlega auðveldari að knýja á um raunsærri fjárveitingar er fram liðu stundir."

Þessar upphæð svarar til um 17 milljóna króna í dag. Á sínum tíma var talað um að þessi heildarupphæð væri um helmingur af kostnaði við ódýra mynd. Til samanburðar hefur hin nýja Kvikmyndamiðstöð til umráða fé eyrnamerkt leiknum bíómyndum sem samsvarar kostnaði við eina stóra mynd (á íslenskan mælikvarða).

stöðugt en vandinn er að líkt og svo oft áður bera menn ekki gæfu til að standa saman, heldur er ein höndin gjarnan upp á móti annarri varðandi það sem gera þurfi. Á þessum tíma stendur endurskoðun kvikmyndalaganna frá '84 einnig yfir og þar greinir menn einnig á um markmið og leiðir. 1997 ákveður úthlutunarnefnd sjóðsins af einhverjum ástæðum að veita engum peningum til heimildar- eða stuttmynda og verður það ekki til að bæta andrúmsloftið. Ljóst er að stjórnvöld hafa ekki mikinn áhuga á að koma til móts við kvikmyndagerðarmenn meðan bransinn logar í innbyrðis deilum.

Land & synir, tímarit kvikmyndagerðarmanna, er stofnað 1995 og í blaðinu á þessum árum má finna ýmsar greinar og hugleiðingar um sjóðinn, bæði starfsaðferðir hans og hvernig menn gætu hugsað sér hann í framtíðinni. Sérstaklega er deilt á úthlutunarnefndarfyrirkomulagið og vanmátt þess til að vinna með markvissum og faglegum hætti með umsækjendum. Einnig er mikið fjallað um gildi verkefnaþróunar, en sjóðurinn ákvað um þetta leyti að auka slíka aðstoð og reyna að gera hana markvissari. Á ýmsu hefur þar gengið, en segja má þegar litið er yfir sviðið að þróunin hafi verið hæg-fara í rétta átt.

4. HLUTI: TÍMAMÓT

1998 er algjört tímamótaár. Aflvaki Reykjavíkur hf. lætur Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands vinna ítarlega skýrslu um stöðu íslenskrar kvikmyndagerðar, þar sem m.a. kemur fram að stuðningur stjórnvalda við kvikmyndagerð er miklu minni en við aðrar listgreinar. Í skýrslunni eru færð rök fyrir því að með auknu fjármagni til sjóðsins eflist ekki aðeins íslenskur kvikmyndaiðnaður heldur mundi það færa þjóðarbúinu auknar tekjur.

Land & synir birtir sögulegt viðtal haustið 1998 við Björn Bjarnason, þáverandi menntamálaráðherra, rétt eftir útkomu skýrslu Aflvaka. Þar kemur fram skýr vilji hans til að leita leiða að efla sjóðinn og skapa um hann frið. Í framhaldinu verður hröð atburðarás.

Hagsmunafélög kvikmyndagerðarmanna ná saman um samningsmarkmið og í desember er undirritað samkomulag milli ráðuneytisins og stjórnar sjóðsins um fjármögnun sjóðsins til næstu fjögurra ára. Var miðað við að sjóðurinn allt að fjórfaldaðist í áföngum á tímabilinu, að styrkhlutfallið hækkaði uppí 40% að meðaltali og að styrktar yrðu allt að fimm myndir á ári. Jafnframt var kveðið á um stofnun sérstakrar deildar innan sjóðsins sem styrkja ætti heimildar- og stuttmyndir. Sú deild hóf göngu sína fyrir tveimur árum og hefur átt nokkurn þátt í þeirri miklu grósku sem nú einkennir heimildarmyndageirann.

Þessu tímabili er nú lokið. Alls hafa 28 verkefni fengið styrk eða vilyrði á tímabilinu en þó á eftir að klára 12 þeirra sem flest hafa fengið styrk eða vilyrði á seinni hluta þess. Af þessum 12 hafa 3 verk skilað aftur styrk eða vilyrði þar sem ekki tókst að ljúka fjármögnun. Önnur 3 eru ýmist í undirbúningi eða í eftirvinnslu en á þessu stigi er ekki útséð með hvað verður um hin verkefnin 6.

Meðaltalið á tímabilinu er því tæplega sex myndir ár hvert en athygli vekur að styrkhlutfallið hefur ekkert hækkað. Rök má færa fyrir því að hið lága styrkhlutfall eigi nokkurn þátt í því hversu óljóst er um aðra fjármögnun þeirra verkefna sem ólokið er, ekki síst þar sem verið er að styrkja fleiri verkefni en áður sem síðan leita eftir fjármagni á svipuðum slóðum. Þessi úthlutunarstefna hefur verið harðlega gagnrýnd af framleiðendum.

Hinsvegar er hægt að benda á ýmislegt sem áunnist hefur á tímabilinu. Ný kynslóð leikstjóra, framleiðenda og handritshöfunda hefur komið fram og er hinn nýji hópur álíka stór og sá sem fyrir var. Ýmsar myndanna sem sýndar voru á þessum árum náðu ágætis árangri, ýmist aðsóknarlega eða í góðu gengi erlendis. Fleiri fletir á erlendu samstarfi hafa opnast og líklegt er að á næstu árum nái ýmsir íslenskir kvikmyndagerðarmenn frekari fótfestu á alþjóðlegum vettvangi. Í heildina litið má einnig segja að tök íslenskra kvikmyndagerðarmanna á forminu hafi stórum batnað þó enn skorti nokkuð á markvissari og áræðnari vinnubrögð hjá mörgum þeirra, ekki síst hvað varðar handritsgerð.

Börn náttúrunnar verður að teljast tímamótamynd í íslenskri kvikmyndasögu, enda varð hún til þess að koma íslenskri kvikmyndagerð "á kortið" í alþjóðlegu samhengi og þá sérstaklega hvað varðar feril Friðriks Þórs og fyrirtækis hans, Íslensku kvikmyndasamsteypunnar. Hér er Friðrik í Hollywood að heilsa uppá Óskar kunningja sinn, en sá mæti maður bauð Friðriki í heimsókn til sín árið 1992.

FORTÍÐIN ER FORMÁLI

Á líftíma sínum styrkti sjóðurinn rúmlega sjötíu bíómyndir og líklega annað eins af heimildarmyndum, stuttmyndum og hreyfimyndum.

Hvað bíómyndirnar varðar þá gerir þetta um þrjár myndir á ári að meðaltali. Hin síðari ár hefur þetta meðaltal hækkað uppí fjórar á ári og enn meir ef miðað er við allra síðustu ár. Styrkhlutfallið hefur oftast verið í kringum 20-25% ef miðað er við opinberar kostnaðaráætlanir myndanna, en hefur farið niður í aðeins örfáein prósent á köflum. Líklegt er þó að styrkhlutfallið hafi verið mun hærra að jafnaði ef miðað er við raunkostnað. Sú staðreynd að langflest þeirra verka sem hlutu styrk urðu að veruleika gefur vísbendingar í þá átt.

Viss ævintýraljómi var ávallt viðloðandi Kvikmyndasjóð Íslands, enda snerist erindi hans um fjármögnun drauma og annarra næringarefna sálarinnar. Þessi ljómi hefur þó gjarnan verið því meiri sem viðkomandi hefur staðið fjær sjóðnum og stundum hefur virst sem ýmsir tryðu því að fjárframlag úr honum jafnaðist á við lottóvinning. Raunin var þó gjarnan svolítið önnur og oft hefur komið upp sú staða hjá styrkhöfum að vita ekki hvort skyldi nú hlæja eða gráta.

Um leið stóð stöðugur styr um sjóðinn allan þennan tíma, sem og vinnubrögð þar á bæ. Ásakanir um "áskrift" sumra kvikmyndagerðarmanna að sjóðnum voru uppi með reglulegu millibili, samfara lífseigum grun um óeðlileg afskipti stjórnmálamanna og annarra af úthlutunum. Sumarið 2002 varð stjórnarformaður sjóðsins uppvís að einmitt slíku. Þá var stöðugt var kvartað yfir of lágum styrkjum til einstakra verkefna, sem gerði heildarfjármögnun flókna og erfiða. Og þar sem ekki var gefinn kostur á að halda uppi einhverskonar samskiptum við úthlutunarnefndirnar var oft þungt hljóðið í þeim sem ekki fengu brautargengi hverju sinni.

Á EFTIR VORI KEMUR...

Úr ösku Kvikmyndasjóðs rís Kvikmyndamiðstöð Íslands, að ýmsu leyti svipuð stofnun þó að hugmyndin sé að standa öðruvísi að mörgum málum. Með gildistöku nýrra kvikmyndalaga er t.d. gert ráð fyrir mjög breyttu fyrirkomulagi styrkveitinga. Jafnframt hillir undir stofnun sérstaks sjóðs fyrir leiknar sjónvarpsmyndir, sem hefur alla möguleika til þess að gerbylta starfsumhverfi greinarinnar og skjóta rótum undir reglulega starfsemi fyrirtækja innan hennar. Þessar breytingar munu gera miklar kröfur til bæði miðstöðvarinnar og kvikmyndagerðarmanna um markviss og fagleg vinnubrögð.

SONY

DVCAM fyrir kvikmyndir og sjónvarpsefni

DSR-DU1 DV Hard Disk Recorder
taktu upp þrjá klukkutíma beint af vélinni

DSR-PDX10P
– sú minnsta með full gæði í 16:9 upptöku

DSR-45 DVCAM Player
– DVCAM myndbandstæki af öllum stærðum

ADS PYRO
ANTON BAUER
AVID
AXON
CENTURY OPTICS
DIGIEFFECTS
DIGIDESIGN
GENELEC
KATA
MILLER
MIRANDA
NETWORK ELECTRONICS
PANASONIC
PINNACLE
SCREEN SUBTITLING
SNELL & WILCOX
SONY
SVEISTRUP
TIFFEN
VAN DEN HUL

Allt fyrir fagmanninn

Camson

Hátún 6a – www.camson.is – 512 1200

Augað fyrir smáatriðum

SPENNUFALL: Ísak og Noi heimsækja þorpið þar sem hún ólst upp.

***Pam og Noi og mennirnir þeirra**, heimildarmynd Ásthildar Kjartansdóttur um tvær tailenskar "tengdadætur Íslands", fékk ekki mikla aðsókn þegar hún var sýnd í Háskólabíói í október í fyrra. Sennilega hefði fennt yfir þessa mynd afskaplega fljótt ef dómnefnd Edduverðlaunanna hefði ekki komið til skjalanna og tilnefnt hana eina af fimm heimildarmyndum ársins 2002. Sem hún fyllilega stendur undir.*

EFTIR ÖNNU TH. RÖGNVALDSDÓTTUR

Þær Pam og Noi sem um ræðir eru jafnöldrur og frænkur og ólust upp í litlu þorpi í norðurhluta Tailands, í frumstæðu landbúnaðarsamfélagi þar sem fólk rétt hefur í sig og á þegar árferði er venjulegt en um leið og eitthvað bregður út af blasir við örbirgð og hungur. Það var einmitt þegar miklir þurrkar gengu árið 1988 og hrísgrjónauppskeran brást að þær frænkur flosnuðu upp og héldu til Bangkok í atvinnuleit – sem var fyrsti leggurinn í 10 ára ferð sem á endanum bar þær til Íslands. Bar þær í rauninni inn í annað landbúnaðarsamfélag sem hafði líka orðið hart úti - en þær þrengingar felast aðallega í því að bændum er bannað að framleiða eins mikið og þeir vilja og geta.

ÍGILDI LEIKINNA MYNDA

Ásthildur gerir sér ekkert sérstakt far um að rekja það nákvæmlega hvernig þessa Íslandsferð bar að. Enda er það aukaatriði. Það nægir eiginlega að segja að Pam og Noi hafi kynnst tveim þingeyskum bændasonum í Bangkok og komið til Íslands til dvalar eða vinnu hjá þeim í framhaldinu. Og að aðilar hafi viljað láta á það reyna hvort úr þessu gæti ekki orðið sambönd til framtíðar.

Pam og Noi og mennirnir þeirra er í bíómyndalengd, byggð á um 70 klst. af efni sem Ásthildur tók á þeim 3 árum sem hún fylgdist með pörunum tveimur, Noi og Ísak, Pam og Bimba. Heimildarmyndir þetta langar verða eins og ósjálfrátt ígildi leikinna mynda; formið kallar á sterka byggingu, áhugaverða sögu, framvindu, persónusköpun og tema. Og eins og ósjálfrátt vita áhorfendur að frásögnin er ekki 100% "sönn" heldur er þetta saga sem Ásthildur hefur búið til. Eða kannski öllu heldur sú saga, af mörgum mögulegum sögum, sem hún vill draga fram. Heimildarmyndir eru ekki síst heimild um það hvernig höfundarnir nálgast viðfangsefnið og hver viðhorf þeirra eru til þess.

TILHUGALÍF Í N-ÞINGEYJARSÝSLU

Pam og Noi og mennirnir þeirra er blessunarlega laus við þá mærð og hræsni sem gjarnan kemur yfir fólk þegar nýbúar eru annarsvegar, einkum asískir, þetta að þurfa að fárast yfir því hvað lífsskilyrðin séu ömurleg þarna austurfrá og hvað við séum í rauninni lánsöm og rík á Íslandi (en kunnum ekki að meta það). Ásthildur hefur semsagt ekki áhuga á að predika yfir okkur og hún hefur heldur ekki áhuga á að gera félagslega úttekt á kjörum nýbúa: stefnu stjórnvalda í innflytjendamálum, kynþáttafordómum, atvinnu- og réttindamálum o.þ.h. Og hún er heldur ekki að boða þetta fagnaðarerindi sem einkennir umfjöllun RÚV um nýbúa, og gengur út á að hamra á því hvað þetta fólk er harðduglegt og rekst vel í þjóðfélaginu og hversu mikill akkur er í því fyrir atvinnulífið í landinu að hafa það. Ásthildi tekst að hefja söguna upp yfir þessa stöðluðu nýbúaumræðu og á sammannlegt plan – ef svo mætti að orði komast. Hún er hér að fjalla um efni sem nútímamanninum er afar hugleikið, er sígilt umfjöllunarefni í kvikmyndum og virðist renna eins og rauður þráður í gegnum aðra hvora sjónvarpsþáttaröð: en það er vandinn að finna sér maka, hin þyrnum stráða braut sem leitin að lífsförunautnum er, hversu erfitt það getur verið að tengjast öðru fólki tilfinningaböndum.

TRAUST VIÐMÆLENDANNA

Það er viðtekin skoðun að dramatísk verk verði að snúast um átök, annars sé ekkert drama á ferðinni. Það sama má eiginlega segja um heimildarmyndir, að það sé lítið varið í heimildarmyndir nema einhver átök liggi til grundvallar. Samskipti kynjanna er sígildur vettvangur átaka og í ***Pam og Noi og mennirnir þeirra*** koma persónurnar úr mjög svo ólíkum menningarheimum sem magnar upp erfiðleikana í samskiptum þeirra. Það er ekki hvað síst viðbrögð fólks við erfiðleikum og andstreymi sem varpar ljósi á það hvaða mann það hefur að geyma.

Pam og Noi og mennirnir þeirra er á stundum meinfyndin mynd en líka átakanleg. Greinilegt er að Ásthildur hefur náð trausti viðmælenda sinna, einkum kvennanna tveggja, og hún fjallar um þá af virðingu í myndinni (sem er hreint ekki alltaf tilfellið í heimildarmyndum og –þáttum) og reynir hvorki að fegra það né sverta. Hún hefur líka gott auga fyrir alls kyns smáatriðum sem oft og tíðum segja mikið um fólk, og í rás myndarinnar tekst henni að byggja upp þrívíða mynd af aðalpersónunum fjórum. Þegar upp er staðið liggur styrkur ***Pam og Noi og mennirnir þeirra*** fyrst og fremst í persónusköpuninni.

Höfundur er kvikmyndagerðarmaður.

Bókmyndir á hvítu tjaldi

EFTIR HÁKON GUNNARSSON

Hugtakið bókmyndir hef ég fengið að láni úr grein sem birtist í Þjóðviljanum og fjallaði um frumsýningu Brennunjálssögu (Friðrik Þór Friðriksson, 1981). Höfundur þeirrar greinar er ekki alveg viss á hvað hann hafi verið að horfa og spyr sig meðal annars hvort það hafi verið: „[. . .] bókmenntaðar kvikmyndir? Kvikmyndaðar bókmyndir?„ Þeirri spurningu get ég ekki svarað, en hún hlýtur að teljast ein óvenjulegasta aðlögun íslenskrar kvikmyndasögu. Það sem mig langar til að gera í þessari grein er að spá aðeins í fyrirbærið kvikmyndaaðlögun og sambandið á milli kvikmynda og bókmennta.

Íslendingar hafa löngum stært sig af því að vera bókaþjóð. Við höfum lifað af bókmenntunum mann fram af manni, hvort heldur sem þær hafa verið andlegt fóður eða hreinn og klár matur. Samt er ekki mjög stór hluti íslenskra kvikmynda aðlagaðar eftir skáldsögum, smásögum eða leikritum, aðeins 17 af 72 eða 23.6 % leikinna mynda sem frumsýndar voru á árunum 1962 til upphafs 2002. Hér hef ég talið frá og með frumsýningu ***79 af stöðinni*** (Erik Balling, 1962) til ***Gemsa*** (Mikael Torfason, 2002). Til þess að finna eitthvað til að miða við í erlendri kvikmyndagerð datt mér í hug að athuga listann yfir 40 vinsælustu kvikmyndirnar árið 2001, sem eru að lang stærstum hluta bandarískar. Af þessum 40 eru 13 byggðar á skáldsögum eða smásögum, 1 á tölvuleik og 1 á tímaritsgrein. Auk þess eru 2 endurgerðir annarra kvikmynda (raunar eru þær 3 því ***Planet of the Apes*** (Tim Burton, 2001) er hvoru tveggja endurgerð eldri kvikmyndar og aðlögun skáldsögu). Ef við tökum bara þessar 13 af 40 eru það 32,5%, sem er talsvert hærra hlutfall en í íslenskri kvikmyndagerð.

Englar alheimsins

Ég skal fúslega viðurkenna að það er ekki vísindaleg aðferð að nota hlutfallið af öllum leiknum íslenskum kvikmyndum á móti þeim 40 vinsælustu í heiminum til þess að komast að niðurstöðu. Það er jafnvel líklegt að önnur niðurstaða fengist ef önnur aðferð væri notuð, en þetta er kannski vísbending um að íslenskir kvikmyndagerðarmenn noti síður verk annarra til þess að gera sín, en bandarískir starfsbræður þeirra. Þetta getur líka bent til þess að aðlaganir séu vinsælli en aðrar kvikmyndir. Í því samhengi má benda á að 4 af 10 vinsælustu íslensku kvikmyndunum eru aðlaganir og einnig 7 af 10 vinsælustu kvikmyndunum í heiminum árið 2001. Hlutfallið þarna á milli bendir enn til þess að íslenskar kvikmyndir séu síður aðlaganir.

Aðlaganir eru því kannski ekkert stærri þáttur í íslenskri kvikmyndagerð en annars staðar. Kannski er það eins gott því það er ekki víst að úr góðri skáldsögu verði góð kvikmynd. Jean-Luc Godard hélt því fram að of góðar bækur væru byrði á kvikmyndagerðarmanninum. Enda er oft sagt: „bókin var betri“, þegar er verið að tala um aðlaganir og það getur verið rétt hjá Godard að meðalgóðar skáldsögur með áhugaverðan grunn sem sé hægt að vinna úr henti betur til aðlögunar, en auðvitað er hægt að gera góðar kvikmyndir eftir góðum bókum og það hefur verið gert. Sjálfsagt er hægt að aðlaga flestar skáldsögur, smásögur, leikrit eða söngleiki að kvikmyndaforminu. Ætli sé samt ekki betra að kvikmynda sögu sem gerð var sérstaklega fyrir það form?

Ég er ekki að gera lítið úr kvikmyndaaðlögunum sem slíkum. Án þeirra hefðum við misst af mörgum góðum kvikmyndum. Ég vil nefna ***All Quiet on the Western Front*** (Lewis Milestone, 1930), ***The Philadelphia Story*** (George Cukor, 1940), ***Rear Window*** (Alfred Hitchcock, 1954), ***Goldfinger*** (Guy Hamilton, 1964), ***One Flew Over the Cuckoo's Nest*** (Milos Forman, 1975), ***Blade Runner*** (Ridley Scott, 1982), ***The Little Mermaid*** (John Musker og Ron Clements, 1989) eða ***Engla alheimsins*** (Friðrik Þór Friðriksson, 2000). Þessar myndir eru mjög ólíkar innbyrðis, misgamlar og tilheyra nokkrum kvikmyndagreinum, en allt eru þetta aðlaganir á skáldsögum eða leikritum. Góðar kvikmyndir sem byggja á öðrum verkum. Ég er alls ekki að kvarta yfir því að kvikmyndagerðarmenn aðlagi bókmenntir að sínu formi, oft hefur það verið gert með góðum árangri. Það sem ég er að velta fyrir mér er hvert sambandið sé á milli mismunandi listgreina.

Sambandið á milli listaverka getur verið nokkuð flókið. Rithöfundar vísa hverjir í aðra með tilvitnunum eða með því að skrifa innan ákveðinna hefða og sama má segja um kvikmyndagerðarmenn. Þegar bók er komið á hvíta tjaldið vísar ræman ekki bara til bókar-

innar, heldur annarra mynda innan sömu hefðar og svo framvegis. Þannig má segja að hvort sem um er að ræða aðlögun eða ekki þá séu flest listaverk sköpuð úr öðrum listaverkum, vegna þess að það sé ákveðið flæði á milli listamanna. Kvikmyndaaðlaganir eru því kannski bara hluti eðlilegs flæðis á milli bókmennta og kvikmynda. Bókmenntir eru vissulega misgóð til aðlögunar. Það virðist ómögulegt að aðlaga sumt, á meðan önnur verk virðast hreinlega samin með kvikmyndina í huga. Flétta sögunnar getur hentað vel til aðlögunar eða sagan verið myndræn. Þá er kannski ekki svo langt á milli bókmenntaverks og kvikmyndahandrits.

Ef við segjum sem svo að aðlaganir séu bara hluti eðlilegs flæðis á milli listgreina, hvers vegnar er þá flæðið svona mikið á annan veginn? Frá bókmenntum til kvikmynda, en ekki öfugt. Er eitthvað verra að aðlaga frá kvikmynd til skáldsögu? Er það kannski ekki talið eins virðingarvert? Til þess að flæðið eða sambandið sé gagnkvæmt ætti ekki að vera verra að aðlaga í eina átt en aðra og þá ætti að vera meira af því að sögur úr kvikmyndum rötuðu á blaðsíður skáldsagna eða leiksvið, en raun ber vitni.

Getur verið að rithöfundar og kvikmyndagerðarmenn líti ekki eins á verk hvorra annarra? Bókmenntirnar séu taldar kvikmyndunum æðri? Því sé ekki vert að taka ræmur og aðlaga þær yfir á pappír. Maður gæti að minnsta kosti haldið það þegar maður spáir í að fyrst komu barnabækurnar um Jón Odd og Jón Bjarna eftir Guðrúnu Helgadóttur. Seinna kom svo barnamyndin ***Jón Oddur og Jón Bjarni*** (Þráinn Bertelsson, 1981) sem er aðlögun á sögum Guðrúnar og nýlega var frumsýnt samnefnt leikrit. Barnamynd Ara Kristinssonar ***Stikkfrí*** kom árið 1997, en hvenær mun samnefnd barnabók verða gefin út? Fyrst kom skáldsagan ***Mávahlátur*** (1995) eftir Kristínu Marju Baldursdóttur. Árið 1998 var leikgerð Jóns Hjartarsonar af því verki frumsýnd og loks er komin samnefnd kvikmynd (Ágúst Guðmundsson, 2001), en hvenær munu til dæmis ***Börn náttúrunnar*** (Friðrik Þór Friðriksson, 1991), ***Tár úr steini*** (Hilmar Oddsson, 1995) eða ***Íslenski draumurinn*** (Róbert I. Douglas, 2000) verða aðlöguð og gefin út sem skáldsögur eða sett upp sem leikrit? Er eitthvað fáránlegt við þessa röksemdafærslu? Er eitthvað fáránlegt við að sögur geti farið í báðar áttir á milli listforma, en ekki bara í aðra? Ef eitthvað fáránlegt er við þetta, er það ekki vegna þess að flæðið á bara að vera í aðra áttina? Vegna þess að annað formið er talið hinu æðra?

Djöflaeyjan

Aðlögun frá kvikmynd til skáldsögu þekkist vissulega, en það virðist ekki mikið um það. Þráinn Bertelsson komst einna næst því hérlendis þegar hann gerði þau verk sem hann kallar tvíbura, vegna þess að þau fæddust nokkuð samhliða, það er að segja ***Sigla himinfley*** (skáldsaga 1992 og sjónvarpsþáttaröð 1994). Erlendis er hægt að finna fleiri dæmi um bókmenntir sem skrifaðar eru eftir kvikmyndum, en þær virðast ekki mjög hátt skrifaðar. Ég hef ekki enn rekist á bókagagnrýni um slíka bók þar sem gagnrýnandinn fellur í stafi fyrir bókinni, en á hinn bóginn þarf ekki að leita langt til þess að sjá dæmi um það í kvikmyndagagnrýni, til dæmis viðtökur ***Hringadróttinssögu*** (Peter Jackson, 2001) og ***Engla alheimsins***. Annað hvort eru þeir sem gera kvikmyndaaðlaganir einfaldlega betri við sína vinnu en hinir, eða þetta hefur eitthvað með formið að gera.

101 Reykjavík

Það virðist vera snobbað fyrir bókmenntunum í kvikmyndum, fremur en öfugt. Er það kannski vegna þess að bókmenntirnar eiga sér mörg þúsund ára hefð? Kviður Hómers eru hátt í 3000 ára gamlar og ein elstu varðveittu bókmenntaverkin. Á meðan eiga kvikmyndirnar sér ekki nema rúmlega aldar hefð. Telja menn að þess vegna sé það sem kemur úr bókmenntunum einfaldlega merkilegra en kvikmyndunum?

Kannski er ég að misskilja þetta algerlega. Stundum er sagt í gamni eða alvöru: „Nei, ég hef ekki lesið bókina. Ég er að bíða eftir myndinni.“ Ef við lítum á málið frá þessu sjónarhorni, má segja að bókmenntirnar séu orðnar að hálfgerðum millilið, leið til að prófa sögur fyrir kvikmyndir. Virki þær nógu vel á pappírnum er hægt að nota þær á hvíta tjaldið. Þar með hefur dæmið allt í einu snúist við og kvikmyndirnar orðnar ofan á.

Formin tvö eru jafngild og það er ekkert óeðlilegt við flæði á milli þeirra. Uppruni sögunnar skiptir kannski ekki jafn miklu máli og hvernig til tekst, er kvikmyndin / skáldsagan / leikritið gott eður ei? Samt hlýtur að teljast verulega skrýtið að svo mikil stífla sé á flæðinu í aðra áttina. Spurning hvort ekki sé rétt að fá pípulagningamann í málið?

Höfundur er MA í bókmenntafræði og hefur skrifað til jafns um kvikmyndir og bókmenntir.

Heimildir:

„Aðsókn ársins í Bandaríkjunum og öðrum löndum alls“. Extra.bíó, febrúar 2002, bls. 27.

Kristín Jónsdóttir. “Tímaþjófurinn”. Heimur kvikmyndanna. Ritstjóri Guðni Elísson. Reykjavík: Forlagið and art.is, 1999, 986-988.

m. „Þá brann Brennu-Njáls saga!“. Þjóðviljinn, 8.-9. febrúar 1981, bls. 3.

Ólafur H. Torfason. „Vinsælar íslenskar bíómyndir“. Heimasíða: http://notendur.centrum.is/%7Eolafurht/-textar/greinar/isl_biom_1962_2001.htm (Heimild úr DV, 4. mars. 2000.)

Þakkarræða Magnúsar Magnússonar við afhendingu heiðursverðlauna Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar á Edduverðlaunahátíðinni 10. nóvember 2002:

Ævintýraferðir hugans

Forseti Íslands, menntamálaráðherra, virðulega samkoma – kæru landar: Nú dugar ekki nema að reyna að beygja rétt og gæta að sérhljóðum...

Ég þakka hjartanlega þessa miklu vegsemd, sem flýgur hér upp í fangið á mér, Íslendingi að utan, og það frá kollegum og samherjum hér heima. Ég er einlægur aðdáandi íslenskrar kvikmyndagerðar, og afar hreykinn af því að standa hér, með svona glæsilega viðurkenningu; – en tilefnið kemur mér líka svolítið úr jafnvægi.

Enginn veit í raun hvernig Garðari Hólm í Brekkukotsannáli Laxness var innanbrjósts, þegar hann kom heim til að "troða upp" og syngja í Gúðmúnsensbúð og það hafði lengi flogið fyrir í bænum að hann væri heimsfrægur óperusöngvari. Þótt hann virtist á yfirborðinu jafnan léttúðugur, hlýtur hann að hafa verið meir en lítið taugaóstyrkur; hann var alveg komin í steik. Og hið sama, get ég fullvissað ykkur um, gildir um mig einmitt núna.

Magnús Magnússon tekur við heiðursverðlaunum ÍKSA úr hendi Tómasar Inga Olrich menntamálaráðherra á Edduverðlaununum 10. nóvember 2002. (ljósm. Jim Smart/Mbl.)

Ég hef verið ótrúlega heppinn í lífinu: heppinn í vali mínu á lífsstíl og ævistarfi í blaðamennsku og sjónvarpi; heppinn að eignast alltaf bestu vinina; heppinn að geta helgað mig ævintýraferðum hugans, leit að meiri þekkingu og nýjustu upplýsingum – og miðlað þeim til annarra; heppinn, fyrst og fremst, að hafa verið fæddur íslenskur og alinn upp sem Íslendingur.

Að vera Íslendingur hefur gefið mér þau forréttindi að óðlast innsýn í sérstæðan menningar- og náttúruarf stærstu smáþjóðar heimsins – 'the biggest little country in the world', eins og ég kalla það á ensku. Þannig eignaðist ég hlutdeild þessum einstaka listaarfi Íslands, sem ég hef endalaust reynt að þýða og túlka á erlendu tungumáli: Íslendingasögurnar með öllum þessum lýsandi söguminjum í sjálfu landslaginu; skáldsögur Halldórs Laxness, sem mér þykir vænna um en ég get sagt í orðum; og hina ólgandi listsköpun og alheimsviðskiptakynningar sem eru eins og eldgos og hafa verið svo einkennandi fyrir þessa rúmu hálfu öld sem við höfum verið sjálfstæð þjóð. Í starfsvali mínu sem 'professional Icelander' – "Íslendingur að atvinnu", einsog ég er kallaður í Bretlandi – var mér það gefið að tala, hátt og skýrt og oft, um þessa þjóð á ystu nöf í norðri, sem er mér svo óendanlega kær.

Og svo stend ég nú hér. Kominn heim enn á ný.

Heiðursverðlaun af þessu tagi snúast raunverulega um það, að tóra nógu lengi til að hljóta þau. En hvað er það að lifa af? Að hvert og eitt okkar haldi velli? Að þjóð haldi velli? Svarið við þeirri spurningu finnst mér felast í orðum Hávamála:

Deyr fé, deyja frændr,
deyr sjálfur hið sama;
en orðstír deyr aldregi
hveim er sér góðan getr.

Kæru vinir: ég þakka Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunni fyrir að veita mér þennan heiður og auka svo rausnarlega þann orðstír sem við öll stöðugt þráum. Kærar þakkir.

Ávarp Tómasar Inga Olrich, menntamálaráðherra á Edduverðlaunahátíðinni 10. nóvember 2002:

Sögumaður af guðs náð

Íslendingurinn og heimsborgarinn Magnús Magnússon hefur lengi verið einn af þungaviktarmönnum í bresku sjónvarpi. Hann er jafnframt einn af ötulustu og mikilvirkustu fulltrúum Íslands og íslenskrar menningar í þessu heimsþorpi, sem sjónvarpið hefur ekki síst átt þátt í að smíða.

Meðal frægra þátta Magnúsar Magnússonar ber fyrst að nefna Mastermind spurningaþáttinn í BBC, sem Magnús stýrði í 25 ár. Af öðrum þekktum þáttum Magnúsar má geta Króníku, vikulegs þáttar um sögu og fornleifafræði, sem hann var upphafsmaður að og hafði umsjón með allt til 1980. Það sama ár birtist Magnús á skjá BBC með yfirgripsmikla þáttaröð um sögu víkinganna. Um svipað leiti var sýnd þáttaröðin "Goðsagnir í lifanda lífi". Fleiri þáttaraðir um sögu og fornleifafræði hefur Magnús gert, svo sem þætti um fornleifar í Landinu helga.

Sem sjónvarpsmaður hefur Magnús afburðahæfileika: Hann býr yfir mikilli þekkingu á viðfangsefninu og næmum skilningi á aðalatriðum; hann er sögumaður af guðs náð, búinn persónutöfrum sem enginn stenst. Þannig hefur Magnúsi tekist að gera fræðagrúsk um fortíðina að heillandi dagskrárefni í sterkasta fjölmiðli nútímans, sjónvarpinu.

Þótt þessi íslenski ríkisborgari hafi aðeins búið 9 mánuði á Íslandi, hefur hann varið drjúgum hluta ævi sinnar í að fræða umheiminn um Ísland. Hann hefur, auk sjónvarpsferils síns, verið afkastamikill rithöfundur og þýðandi, en meðal þess sem Magnús hefur þýtt á ensku eru nokkrar Íslendingasagna og verk Halldórs Laxness. Magnús hefur því borið hróður Íslands um víða veröld.

Magnús hefur verið sæmdur heiðursdoktorsnafnbót við sjö skoska og enska háskóla; hann hefur hlotið fjölmargar aðrar viðurkenningar fyrir störf sín, m.a. íslensku fálkaorðuna og heiðursriddaraorðu hins breska heimsveldisins árið 1989, en það er æðsti heiður, sem erlendum ríkisborgara getur hlotnast á breskri grundu.

Magnús Magnússon, sjónvarpsmaður og rithöfundur, fær heiðursverðlaun Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsakademíunnar árið 2002 fyrir mikið og farsælt starf sitt við dagskrárgerð fyrir sjónvarp í tæp 40 ár.